

EFTIRLITSSKÝRSLA

MEDHÖNDLUN ÚRGANGS, AKRANESKAUPSTAÐUR

Dagsetning	30.6.2011	Fulltrúi UST	Sigrún
Fyrirtæki	Akraneskaupstaður	Guðmundsdóttir	
Heimilisfang	Stillholti 16-18	Starfsleyfi, gildir til	4.12.2012
Kennitala	410169-4449	Tegund eftirlits	Reglubundið
Isat nr.	38.21.0	Fulltrúar fyrirtækis	Þorvaldur Vestmann
Starfsemi	urðun óvirks úrgangs	Staðsetning starfstöðvar (hnit)	64° 20,164'N, 22° 0,671'W

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Gerðar eru ein athugasemd og tvö frávik staðfest. Niðurstöðugildi mælinga á sigvatni eru innan marka en athugasemd er gerð þar sem styrkur mengunarefna ofan urðunarstaðar er hærri en neðan hans. Frávikin varða girðingarparrt sem er ábótavant, staðfestingu á ábyrgðartryggingu vantar sem og áhættumat og viðbragðsáætlun í samræmi við ákv. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda. Endurnýja þarf starfsleyfi á næsta ári og er vakin athygli á að endurskoðun þess tekur nokkurn tíma.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir ákvæði starfsleyfis og reglugerðar 738/2003 um urðun úrgangs, er varðar meðhöndlun úrgangs, sem og niðurstöður vatnssýna frá 9.12.2010. Urðunarstaður var skoðaður með Þorvaldi Vestmann frá Akraneskaupstað,



FRÁVIKⁱ OG ATHUGASEMDIRⁱⁱ

Frávik 1:

Sem fyrr er girðingu á norðvesturhlið urðunarsvæðis ábótavant. Þar eru eingöngu stög með einum vír en rétt innan hans er brattur djúpur skurður.

Fráviki frá: Ákvæði 3.2 í starfsleyfi en samkvæmt því skal takmarka aðgang að svæðinu.

Frávik 2:

Umhverfisstofnun hefur ekki borist staðfesting um ábyrgðartryggingu, áhættumat og viðbragðsáætlun vegna mögulegrar hættu á bráðamengun.

Frávik frá: 18. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, en samkvæmt henni ber rekstraraðila að gera áhættumat vegna mögulegrar bráðamengunar frá starfseminni, sem og viðbragðsáætlun. Umhverfisstofnun fer fram á að fá send þessi tilgreindu gögn. Eins ber rekstraraðila að taka ábyrgðartryggingu vegna mögulegs bráðamengunartjóns sbr. 16.gr. fyrrgreindra laga.

Athugasemd 1:

Árlegar mælingar eru fyrirskrifaðar á vatnssýnum frá urðunarstaðnum. Sýni frá 9.12.2010 eru innan losunarmarka en athygli vekur að gildi fyrir nítrat, ammóníak og COD eru hærri fyrir ofan urðunarstað en fyrir neðan, Umhverfisstofnun óskar eftir mögulegum skýringum á þessu.

Önnur atriði:

Samráðsfundur hefur verið haldinn vegna endurnýjunar starfsleyfis, en gildistími þess er á enda 4.12.2012. Vakin er athygli á að endurnýjun starfsleyfis tekur nokkurn tíma og er heppilegt að hefja vinnslu þess áður en langt um líður.

Reykjavík, 1.9.2011

Undirskrift eftirlitsaðila

ⁱ **Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

ⁱⁱ **Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.